

Langanesbyggð
Langanesvegi 2
680 Þórshöfn

VERKNÚMÉR: DAGS.:
17128-001 4. nóv. 2024

Ósk um skipulagsgerð vegna áforma um virkjun Tunguár í Þistilfirði

Tunguárvirkjun ehf. hefur áform um að reisa vatnsaflsvirkjun í Tunguá í Þistilfirði með áætlað uppsett afl 2,1 MW og árlega orkuframleiðslu upp á 12 GWst. Frumhönnun virkjunarinnar gerir ráð fyrir að Tunguá verði stífluð ofan við Efrifossa og að flatarmál lóns verði rúmir 21 ha. Þaðan verði vatn leitt um tæplega 3 km langa þrýstipípu sunnan Tunguár að stöðvarhúsi sem verður staðsett tæpum kílómetra ofan við bæinn Garð. Frá stöðvarhúsi er vatn leitt um 160 m langan frárennisskurð út í Tunguá. Virkjunin verður tengd við dreifikerfi Rarik, þ.e. inn á 33 kV streng sem liggur á milli Kópaskers og Þórshafnar.

Framkvæmdin er innan marka jarðanna *L154543 Garður* og *L154552 Hagaland*. Tunguárvirkjun ehf. hefur gert samninga við landeigendur um leigu á vatnsréttindum og landnotum.

Fyrirhuguð framkvæmd er innan marka fyrrum Svalbarðshrepps en ekkert aðalskipulag er í gildi fyrir þann hluta Langanesbyggðar. Ekki er heldur í gildi deiliskipulag fyrir framkvæmdasvæðið eða næsta nágrenni. Leitað hefur verið ráðgjafar Skipulagsstofnunar varðandi skipulagsmál fyrirhugaðrar virkjunar. Skipulagsstofnun hefur lagt til að gerð verði breyting á því aðalskipulagi sem er í gildi í sveitarfélaginu, þ.e. Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007–2027, sem taki einungis til umrædds svæðis og að þar verði sett stefna um virkjun Tunguár. Á grundvelli þeirrar aðalskipulagsbreytingar verði einnig hægt að vinna nýtt deiliskipulag fyrir virkjunina.

Fyrirhuguð Tunguárvirkjun fellur undir lið 3.15 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021. Liðurinn tilheyrir flokki B en þar eru tilgreindar þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Tunguárvirkjun ehf. vinnur nú að gerð fyrirspurnar um matsskyldu.

Uppbygging Tunguárvirkjun kallar á skipulagsgerð og óskar verkkaupi eftir því að gerð verði breyting á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007–2027 í samræmi við ofangreind áform. Jafnframt er óskað eftir að Tunguárvirkjun ehf. verði veitt heimild til að hefja vinnu við gerð deiliskipulags skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að fengnu samþykki sveitarfélags um skipulagsgerð mun verkkaupi taka saman lýsingu á skipulagsverkefningu, sbr. 1. mgr. 30. og 40. gr. skipulagslaga. Skipulagslýsingin verður sameiginleg fyrir bæði skipulagsstigin og gert ráð fyrir að þau verði unnin og kynnt samhliða.

Virðingarfyllst, f.h. Tunguárvirkjun ehf.

Erla Bryndís Kristjánsdóttir